

Umsögn

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrbætur á Breiðholtsbraut (US220153)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leqqur til að tafarlaust verði leyst úr umferðarvandamáli á Breiðholtsbraut. Skoða þarf ljósastýringu og losa um þá hindrun sem veldur því að bílar sitja fastir í brautinni meira og minna. Tillögunni fylgir greinargerð.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 24. ágúst sl.

Umsögn:

Breiðholtsbraut er þjóðvegur í eigu og rekstri Vegagerðarinnar. Bæði Reykjavíkurborg og Vegagerðin eru meðvituð um þá umferð sem fer um Breiðholtsbraut á álagstímum. Ræddar hafa verið breytingar á ljósastýringu til að greiða fyrir umferð en einnig til að bæta umferðaröryggi, sem í vissum tilfellum getur dregið úr afkastagetu gatnamóta. Verkefnið er eitt af verkefnum samstarfshóps um umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu sem skipaður fulltrúum Vegagerðarinnar, Betri samgangna og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri